

**Nr. 037 / 10 Herjólfur*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2164  
Smíðaður: Noregi 1992, stál  
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt  
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m  
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m  
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992  
Áhöfn: 14



Herjólfur©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Gögn RNS  
Slysaskýrsla frá skipi

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 10. mars 2010 var Herjólfur á siglingu frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Veður: S 7 m/s.

Vélstjóri sem var við störf í vélarúmi rann til og féll á mottu við rennihurð aftast í vélarúmi sem olía hafði komist undir. Hann kenndi sér meins í hnjám og þurfti í myndatöku vegna tognunar á liðþófa.

**Við rannsókn kom fram:**

- að við viðgerð á spíssum hafði gasolía náð að renna niður á gólfið og undir mottuna. Einnig kom fram að vélstjórinn hefði verið að flýta sér fullmikið;
- að mottan var með gúmmíbotni.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.